

KIRKJUGARÐARÁÐ

3. fundur haldinn 11. nóvember 2002 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, og Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs.

Gestir: Gunnar Bollason sagnfræðingur og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins.

1. Setning fundar

Ragnhildur bauð gesti velkomna og einnig nýjan fulltrúa Kirkjubings Smára Sigurðsson, framkvæmdastjóra Kirkjugarða Akureyrar.

2. Kynning á Fornleifavernd ríkisins

Kristín og Gunnar kynntu starfsemina. Umræður um lögbundin hlutverk Fornleifaverndar og Þjóðminjasafns Íslands. Samþykkt að Fornleifaverndin fái framvegis sendar fundargerðir Kirkjugarðaráðs og forstöðumaður verði boðaður á fund þegar friðuð minningarmörk og gamlir kirkjugarðar eru til umræðu.

3. Skráning minningarmarka í Kjalarnesprófastdæmi

Gunnar Bollason gerði grein fyrir skráningu minningarmarka í prófastsdæminu. Lagt fram minnisblað Gunnars Bollasonar, dags. 11. nóvember 2002. Rætt var um samstarf Fornleifaverndar, Kirkjugarðaráðs og héraðsnefndar Kjalarnesprófastsdæmis til að ljúka verkefninu. Þátttakandi er einnig Þjóðminjasafn Íslands, sem kom að fyrsta áfanga, sbr. meðfylgjandi minnisblað Gunnars Bollasonar. Minningarmörk eru skráð í miðlægan gagnagrunn, *Sarp*.

4. Bréf til Fjárlaganefndar v/skráningar gamalla minningarmarka

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs til Fjárlaganefndar v/skráningar gamalla minningarmarka, dags. 5. nóvember 2002.

5. Athugasemdir við grafartöku í Eyvindarhólakirkjugarði

Gögn lögð fram til kynningar.

6. Hvammur í Dölum

Guðmundur Rafn kynnti vinnu við gerð skipulags fyrir kirkjugarðinn að Hvammi og nánasta umhverfi hans. Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt er að vinna að þessu skipulagi í samráði við Guðmund Rafn og sóknarnefnd.

7. Önnur mál

- a) Rætt um nauðsyn þess að skipa útfararsíðanefnd og að Kirkjugarðaráð beiti sér í því máli. Samþykkt að fá sr. Kristján Val Ingólfsson á fund Kirkjugarðaráðs, einnig Hjalta Zóphóníasson, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, til að ræða leyfi til útfararstofa.
- c) Lagt fram bréf frá Þóri Jónssyni, Sjávargötu 29, Njarðvík, dags. 11.11. 2002.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:15.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari